



Við á Lamb Inn þekkjum af eigin raun hvernig það er að senda íþróttafólk í keppnisferðir. Þær geta bæði verið dýrar og aðbúnaður á svefnstað er oft afar lélegur, yfirleitt þunn dýna á skólastofugólfi.

Einnig er kæliaðstaða fyrir mat sjaldnast fyrir hendi og því þarf að snæða morgunverðinn meðvolgan og oft ógirnilegan.

2014 fórum við að bjóða íþróttahópum upp á gott tilboð í gistingu með morgunverði. Um er að ræða annars vegar gistingu í uppábúnum rúmum, með sæng og öllu og hins vegar svefnpokagistingu í rúmum með lökum.

Þessi pakki er mjög vinsæll og höfum við hýst mörg lið alls staðar af landinu.

Svefnpokapláss í rúmi með morgunverði	4.400.- pr. m.
Gisting í uppábúnu rúmi með morgunverði	5.800.- pr. m.

Morgunverður okkar saman stendur af brauði og hefðbundnu áleggi, súrmjólk, kornfleksi og músli, ávöxtum, sultum og marmeðlaði auk ávaxtasafa.

Við getum líka sé þess óskað, boðið upp á góðan heimilismat í hádegi eða að kvöldi á góðu verði.

Hafið samband í síma 463-1500 eða í gegn um netfangið lambinn@lambinn.is.
Einnig er hægt að hringja beint í Karl Jónsson í síma 691-6633.

NOKKRIR PUNKTAR

Akureyri er í aðeins 8-9 mínútna akstursfjarlægð.

Frír aðgangur er að nettengingu í almenningsrými og öllum herbergjum.

Heitur pottur er við gistihúsið sem er til afnota fyrir hótलगesti óski þeir þess.

Við gistihúsið eru fjárhús sem yngri kynslóðin hefur gaman af að skoða.

Á efri hæð er góð fundaraðstaða. Við erum í samstarfi við íþróttasálfræðing, master í íþrótt- og heilsufræðum og sjúkra-þjálfara. Við getum haft milligöngu um fyrirlestur að ykkar vali.

Á Hrafnagili er frábær sundlaug með stórrí rennibraut og heitum pottum. Hægt er að kaupa aðgang að henni í pakknum okkar. Við getum líka haft milligöngu um æfingaaðstöðu í íþróttamiðstöðinni þar.